



**Velferðarvaktin**  
**Félags- og tryggingamálaráðuneyti**

14. desember 2012

Til ríkisstjórnar Íslands,  
b.t. Steingríms J. Sigfússonar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

### **Ályktun velferðarvaktarinnar um atvinnumál**

Á liðnu hausti hefur velferðarvaktin ítrekað fjallað um stöðu atvinnulausra og atvinnumál. Á fundi sínum 11. desember 2012 samþykkti velferðarvaktin eftirfarandi ályktun:

„Atvinnumálin eru einn mikilvægasti þátturinn í að tryggja velferð í landinu.

Ljóst er að það stefnir í erfiðan vetur á vinnumarkaði þrátt fyrir spár um að til lengri tíma fari staðan batnandi. Störfum fjölgar of hægt og enn eru of margir án atvinnu. Talið er að það þurfi um 2000 ný störf á ári til að halda í við fjölgun á vinnumarkaði, auk starfa fyrir þá sem misst hafa vinnu og/eða hafa flust úr landi.

Í þessu ljósi leggur velferðarvaktin áherslu á að stjórnvöld vinni markvisst að því að skapa aðstæður sem hvetja fyrirtæki og einstaklinga til fjárfestinga og atvinnuskapandi verkefna fyrir bæði konur og karla. Mikilvægt er að stjórnvöld hraði þessum aðgerðum og samhliða verði mótuð skýr stefna um hvernig fjölga eigi störfum á næstu árum.“

Fyrir hönd velferðarvaktarinnar

*Lárus Björnsson*  
formaður Velferðarvaktarinnar

Samrit:

Samband íslenskra sveitarfélaga,  
Formenn eftirfarandi nefnda Alþingis:  
Atvinnuveganefnd  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Velferðarnefnd

**Velferðarvaktin er óháður álitsgjafi  
sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka**